

7. dezbr. f. á. sent sýslumanni »lögtaksbirting hjá verzlun P. A. Ólafssonar, Geirseyri«, en að rikissjóður verði dæmdur til að greiða þennan lið, sem ekki er gjörð nánari grein fyrir, fær rétturinn ekki skilið.

Sama er um 18., 19., og 20. liðina, kröfur á hendur sýslu-sjóðum Barðastrandarsýslu og vangreidd þinggjöld (væntanl.) úr sömu sýslu) 1927.

Fyrir því að rikissjóður eigi að greiða gagnstefnanda 21. liðinn. »Vangreidd ávisun frá fógetagjörð 2. dezember '27, kr. 1800.00«, er heldur engin sæmileg grein gjörð.

Það verður því að sýkna aðalstefnanda af öllum liðum gagnsakarinnar nr. 12—21 á réttarskjali nr. 12.

Eftir þessum úrslitum gagnsakarinnar verður að dæma gagnstefnanda til þess að greiða aðalstefnanda málskostnað í henni, og þykir hann hæfilega ákveðinn 500 krónur.

Sakir annara embættisanna dómarans, þess, hve umfangsmikið mál þetta er og ógreinilega flutt, hefir dómur ekki orðið kveðinn upp í því fyrri en nú.

Miðvikudaginn 15. maí 1929.

Nr. 19/1929. **Valdstjórnin** (Magnús Guðmundsson)
gegn

Robert William Millener (L. Fjeldsted).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 15. febr. 1929: Kærður, Robert William Millener, greiði 12500 kr. sekt í Landhelgisjóð Íslands, og komi 6 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan viku frá birtingu dóms þessa. Svo og allan af máli þessu leiddan og leiðandi kostnað. Allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir í b/v. H. 64. St. Berlade sé upptæk og andvirði þeirra renni í sama sjóð og sektin.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Svo sem tekið er fram í hinum áfrýjaða lögreglu-réttardómi, staðnæmdist varðskipið Óðinn við hliðina

á skipi kærða þ. 14. febr. þ. á., kl. 7,20 f. h., og var kærði þá samkvæmt skýrslu varðskipsins 1,5 sjómílu innan við landhelgislinuna, og hafði stjórnborðsvörpu sína í sjó. Með skýrslu varðskipsforingjans um þetta, er eigi hefir verið hnekkkt, er fengin næg sönnun þess, að kærði hafi á fyrgreindum tíma, verið að hotn-vörpuveiðum í landhelgi, og með því gjörzt brotlegur gegn 1. gr. laga, nr. 5, 18. maí 1920. Og með því fallast má á ákvæði lögregluréttardómsins um upphæð sektar, upptekt afla og veiðarfæra og um málskostnað, þá ber að staðfesta dóminn, þó þannig, að kærða veitist mánaðarfrestur til greiðslu sektarinnar, er telst frá birtingu dóms þessa, og komi sjö mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún er ekki greidd innan þess tíma.

Kærða ber að greiða allan kostnað sakarinnar í hæstarétti, þar með talin laun sækjanda og verjanda, 80 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Lögregluréttardóminum skal óraskað, þó þannig, að sektin afplánist með sjö mánaða einföldu fangelsi, ef hún er eigi greidd innan mánaðar frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Robert William Millener, greiði allan kostnað sakarinnar í hæstarétti, þar með talin laun sækjanda og verjanda, málflutningsmannanna, Magnúsar Guðmundssonar og Lárusar Fjeldsted, 80 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn skipstjóranum á b/v. H. 64, St. Berlade frá Hull, Robert William Millener fyrir brot gegn ákvæðum laga nr. 5 frá 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, og eru málavextir þeir, sem nú skal greina.

Í gær, kl. 6,10 árdegis, hélt varðskipið »Óðinn« frá Ólafsvík, og var farið grunnt með landi fyrir Rif og sem leið liggur fyrir Sand. Þegar komið var að Öndverðanesi, sást togari skammt frá landi, er virtist vera að veiðum. Kl. 7,12 árdegis miðaðist Öndverðanesviti í misv. S. t. V. fjarlægð 0,3 sm. Þá setti varðskipið út vegamæli og sýndi hann 85,3. Þaðan var stýrt í misv. V. t. N.

Kl. 7,20 mín. árdegis var varðskipið við hlið botnvörpungsins H. 64, St. Berlade, og sýndi vegamælir þá 86,9, og gefur þetta stað togarans 1,5 sjómílur innan við landhelgislinuna. Var þá lýst að togaranum og sást þá, að hann hafði stjórnbörðsvörpu sína í sjó. Var honum gefið stöðvunarmerki, en hann beygði þá til V. N. V. og stanzaði kl. 7,27 mín. árdegis. Var þá mælt dýpið við hlið togarans og var það 154 metrar.

Kærður hefir ekki viljað kannast við það, að skýrsla sú, sem lögð hefir verið fram í málinu frá skipherranum á »Óðni« sé rétt og hann hefir neitað því, að hann hafi verið innan landhelginnar. Þessi mótmæli sín byggir hann á því, að hann hafi áður en hann kastaði vörpunni siglt með hálfri ferð í 55 mín. frá Öndverðanesvitanum í vestur, suðvestur. Hann býzt við, að skip sitt hafi siglt um 5 mílur á klukkustund, og telur sig á þennan hátt hafa verið kominn um 1 mílu út fyrir landhelgislinuna, áður en hann kastaði út vörpunni og byrjaði að draga. Hann kveðst og hafa látið gjöra dýpismælingar, bæði áður en hann lét kasta vörpunni og eftir það, og hafi dýpið þegar vörpunni var kastað verið 60 enskir faðmar, en þegar hún var dregin upp aftur 64 enskir faðmar.

Bátsmaður og stýrimaður hafa verið leiddir sem vitni í þessu máli, og kemur framburður bátsmannsins heim við framburð kærðs, um það í hvaða stefnu botnvörpungurinn hafi siglt frá Öndverðanesi og hve langan tíma. Hinsvegar er framburður vitnanna innbyrðis og samanborinn við framburð kærðs í talsverðu ósamræmi um það, hvenær dýpismælingarnar hafi verið gjörðar, hvernig þær hafi verið gjörðar, af hverjum þær hafi verið gjörðar og hver niðurstaðan hefir orðið.

Það er upplýst í málinu bæði með framburði kærðs og bátsmannsins, að hraði skipsins þær 55 mínútur, sem þeir telja, að þeir hafi siglt frá Öndverðanesi, er ágizkun, og það kemur beinlinis fram í framburði kærðs sjálfs, að skipið hafi einu sinni stanzað á þessari ferð til þess að gjöra dýpmælingar.

Með því að þessi staðarákvörðun kærðs og þess vitnis, sem nokkuð treysti sér til að segja um staðarákvörðunina, er byggð á ágizkun, fær dómari ekki séð, að þessar staðhæfingar geti á nokkurn hátt hnekkð hinum nákvæmu mælingum varðskipsins, sem að gjörðar eru með hinum beztu tækjum og af þaulæfðum mönnum, né skýrslu skipherrans, sem sýna, að skipið var svo langt fyrir innan landhelgislinuna, og verður því að telja að með því sé fullsannað, að skip kærðs var að veiðum með botnvörpu innan landhelginnar rétt áður en það var tekið fast, kl. 7,27, árdegis í gær.

Það er sannað í málinu, að kærður, sem ekki er upplýst að hafi áður brotið íslenska fiskiveiðalöggjöf, hafi við hið umrædda tækifæri brotið gegn ákvæðum 1. gr. laga nr. 5 frá 1920, og þykir refsing sú, er hann hefir tilunnið fyrir það samkv. 3. gr. laganna, sbr. við 1. gr. laga nr. 7 frá 11. apríl 1924, hæfilega ákveðin 12500 kr. sekt til Landhelgissjóðs Íslands, með tilliti til þess, að gengi íslenzkrar krónu er í dag, eftir upplýsingu frá Landsbankanum, að hún jafngildi 81,65 aurogull, og komi 6 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan viku frá birtingu dóms þessa.

Allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir í botnvörpunum H. 64, St. Berlade, skal upptækt og andvirðið renna í sama sjóð. Loks greiði kærður allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Föstudaginn 17. maí 1929.

Nr. 32/1929. **Valdstjórnin** (Lárus Jóhannesson)
gegn

Guðlaugi Brynjólfssyni (B. P. Johnson).
Áfengislagabrot.

Dómur lögregluréttar Árnessýslu 4. jan. 1929: